
FUNDARGERÐ

Fundur: Raforkuhópur 1999-03

Fundartími: Þriðjudagur 13. apríl 1999 kl. 13:30

Fundarstaður: Orkustofnun, Grensásvegi 9

Fundarefni:

1. Notkunarflokkar raforku 1998.
2. Gögn um afl 1998.
3. Endurskoðun á söfnun gagna um afl.
4. Nýir samningur um raforkunotkun.
5. Notkun á vef Orkusparnefndar.
6. Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:

Guðmundur Guðmundsson

Ívar Þorsteinsson

Ólafur Pálsson

Edvard G. Guðnason

Jónas Guðlaugsson

Verkfræðistofan Afl: Jón Vilhjálmsson

1. JV sagði að öll gögn væru komin varðandi notkunarflokkka síðasta árs nem upplýsingar um eigin notkun hjá Rarik. ÍP spurði hvort þessi gögn yrðu sett út á netið á næstunni. JV sagði að á síðasta ári hefðu þessi gögn farið út á netið sem viðauki í endurreiknaðri raforkuspá. Ef þetta verður gert á sama hátt nú koma þessi gögn ekki út á netið fyrr en í haust en einnig mætti setja þau út á netið strax og þau verða orðin endanleg. GG spurði hve mikið þessi gögn væru notuð fyrir utan Orkuspárnefnd. JV sagðist oft nota þau í ýmsum orkumálaathugunum. Einnig sagði hann að það kæmu einstaka sinnum fyrirspurnir svo sem nýlega var spurt um raforkunotkun í höfnum.
2. JV dreifði nokkrum töflum um aflþörf á síðasta ári. Hann sagði að um væri að ræða bráðabirgðartölur þar sem hann væri ekki búinn að fá öll gögn og nefndi sérstaklega vinnsluna í Svartsengi og dieselstöðvar Rarik. Einnig vantar mælingu um vinnsluna á Nesjavöllum. Hann sagði að Orkuspárnefnd hafi sent Hitaveitu Reykjavíkur bréf síðastliðið haust um þetta en þeir hafa ekki ennþá komið á slíkri gagnasöfnun. Hann sagðist hafa rætt um þetta við starfsmenn Orkuveitu Reykjavíkur núna í morgun og þeir ætla huga að því að safna þessum mælingum. Toppurinn í vinnslunni kom í byrjun mars á síðasta ári og væntanlega kom hann ekki á seinni hluta ársins vegna skerðingar á ótryggðri orku síðastliðinn vetur. Toppur í forgangsorkusölu Landsvirkjunar til almenningsveitna kom aftur á móti 16. desember.
3. EGG sagði að launafl væri mælt á öllum afhendingarstöðum Landsvirkjunar og á framleiðslustöðum. Allir staðir væru innan þeirra marka sem sett væru í gjaldskrá nema hjá Rarik í Varmahlíð, Hitaveitu Suðurnesja og Rafveitu Hafnarfjarðar í Hamranesi. GG ætlar að taka saman lista um launaflsmælingar í kerfi Rarik og ÍP ætlar að gera það sama fyrir Orkuveitu Reykjavíkur. JV sagði að hópurinn þyrfti að taka þá grundvallarákvörðun hvort hann teldi rétt að fara að safna einnig saman mælingum um launafl.
4. EGG sagði að ekki hefðu verið gerðir neindir nýir samningar hjá Landsvirkjun um orkusölu en átti von á að samningi við Áburðarverksmiðjuna yrði endurnýjaður í sumar og þá væntanlega með einhverjum breytingum en engar viðræður væru farnar af stað við nýja eigendur verksmiðjunnar. Ósk hefur komið frá Ísal um 10 MW aukningu á næstu tveimur árum og

mundi aukningin þá vera 2 MW á ársfjórðungi frá 1. apríl. Þetta er þó ófrágengið. GG sagði að engir nýir samningar hefðu verið gerðir hjá Rarik og þær breytingar sem þeir sæju helstar væru breyting úr rafhitun í hitaveitu. ÍP sagði að framundan væri samningur við Þvottahúsið Grýtu, væntanlega næsta haust, og taldi hann það vera 2-3 MW. JG sagði að mikil aukning væri í notkuninni í Hafnarfirði og hefði það því lítil áhrif að 400 kW notkun væri að detta út.

5. GG sagði að búið væri að setja tengingu inn á heimasíðu Rarik við heimasíðu Orkuspárnefndar. Engar athugasemdir komu annars við heimasíðuna nema að setja mætti meiri gögn þangað.
6. JV sagðist hafa fengið fyrirspurn frá Landsvirkjun um samanburð milli spár um notkun viku fyrir viku síðasta vetur og rauntölur. Hann sagðist hafa lofað að skoða slíkt þegar gögn um fyrsta ársfjórðung liggja fyrir

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 15:00. Næsti fundur ákveðinn 4. maí 1999.

Jón
Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

Þrjú blöð með bráðabirgðartölum varðandi mesta álag á raforkukerfið á síðasta ári. (JV)